



Á VEGUM JAKOBS 2023

EL CAMINO Francés, síðustu 155 km

FRÁ O Cebrero til Santiago 6.júní – 17. júní

Sigrún Ásdís Gísladóttir ferðaskipuleggjandi og markþjálfari

s. 354-8606644

Netfang: sigrunasdis@camino.is

VERÐ OG ALMENNAR UPPLÝSINGAR

- Verð er kr 260.165 á mann miðað við tvo í herbergi
- Staðfestingargjald kr 60.000 óendurkræft nema ferð falli niður
- Aukagjald fyrir einbýli er kr 75.000 (ath ekki alls staðar í boði)
- Innifalið í verði er:
- Pílagrímavegabréf og skel á bakpokann
- Akstur til og frá flugvelli erlendis og akstur frá Santiago til Porto
- Leiðsögn
- Gistingar og morgunverður
- Trúss á einni tösku ca. 10-13 kg
- Kvöldverður síðasta kvöldið

NOKKRIR PUNKTAR

- Töskur mega vera að hámarki 13 kg fyrir trússið
- Á göngudögum þurfa töskur að vera komnar niður í andyri gististaðar kl 8 að morgni
- Morgunmatur er á gististað ef hægt er, annars finnur fararstjóri annan stað
- Lagt af stað helst ekki seinna en kl 8:30 á morgnana (að fyrsta og síðasta degi undanskyldum)
- Gengið er í þögn fyrstu 2 klst hvers dags (ekki skylda en val hvers og eins)
- Morgunteygjur gerðar við fyrstu hentugleika að morgni
- Innlegg dagsins kynnt áður en lagt er af stað eftir teygjur

BROTTFARADAGUR
6. JÚNÍ
KEFLAVÍK – PORTO
PLAY AIR

- Brottför Keflavík- Porto um kl 14:50
- Porto komutíma um kl 19:55
- Fararstjóri tekur á móti væntanlegum pílagrínum
- Ekið frá flugvelli að gististað fyrstu nóttina í Porto
- Borðað snemma þar sem lagt er af stað í býtið næsta dag

MIÐVIKUDAGUR 7. JÚNÍ

1. GÖNGUDAGUR 0 CEBREIRO- TRIACASTELA 21 KM



- Akstur að morgni á upphafsstað göngu, ca 160 km, tími ca 1.45klst
- Fyrstu 10 km dagsins eru hæðóttir
- Eftir það er er lækkun um 500m
- Sjá má á nokkurra km fresti, stöpla sem segja okkur hversu margir km séu til Santiago
- Það er dásemd að hefja göngu á þessum slóðum, stundum þokukennt að morgni en þokan víkur fljótlega fyrir sólinni
- Stutt á milli staða þar sem hægt er að fá sér að borða og drekka (fyrst eftir 3 km ca.)

FIMMTUDAGUR 8. JÚNÍ 2. GÖNGUDAGUR

TRICASTELA – SARRIA 19 KM



- Hér má velja um tvær leiðir frá Tricastela; hægri= San Xil eða vinstri: Samos sem er 5 km lengri, en á þeirri leið má sjá elsta Monasterio Benedictino á Spáni, sjáum til hvor leiðin verður farin
- Byrjað er að fara upp á við 250 m en síðan liggur leiðin niður til Sarriá sem er stærsti bærinn á þessari leið
- Lítið að hafa á þessari dagleið, vatn, hnetur og ávexti þarf að hafa meðferðis.

FÖSTUDAGUR 9. JÚNÍ 3. GÖNGUDAGUR SARRÍA – PORTOMARÍN 22,5 KM



- Gengið úr 450 m í 700 m
- Hér eru um 100 km eftir til Santiago
- Gengið um sveitir og þorp
- Engin vandræði með vatn eða mat
- Göngum framhjá u.þ.b. 20 þorpum !
- Barbadelo eftir 3,5 km er fyrsti áfangastaður. Síðan rekur hver annan
- Portomarín liggur beggja vegna við ána Mino, Embalse de Belesar Dam sem er stífla var reist 1956-1962, við það var vatni veitt á dalinn og yfir gömlu borgina.

LAUGARDAGUR 10. JÚNÍ 4. GÖNGUDAGUR

PORTOMARÍN- PALAS DE REI 22 KM



- Hækkun dagsins kemur strax um morguninn, er úr 420-760 m, fer svo lækkandi (Monte San Antonio)
- Eftir 7,6 km er viðkomustaður Gonzar
- 4,5 km er Hospital de la Cruz, hægt að borða
- Fyrr á öldum var hér pílgrímasjúkrahús sem er horfið núna
- Hæst stendur Ligonda, sem er skuggi þess sem áður var þegar hér var mikilvægur áningastaður með sjúkrahúsi, enn má sjá rústir kirkjugarðsins

SUNNUDAGUR 11. JÚNÍ 5. GÖNGUDAGUR

PALAS DE REI- MELIDE 16 KM



- Stuttur og þægilegur dagur í dag, byrjar á akstri tilbaka, sama herbergi í kvöld
- Göngum mikið eftir skógartígum hestar og kýr á beit í sveitinni, fuglasöngur og friðsæld
- Stutt á milli þorpa og bæja, nóg að hafa til að borða og drekka
- Sveitir Galiciu minna stundum á Írland og sveitirnar þar
- Á leið inni í Melide göngum við hjá kirkju San Pedro, þar er að finna leifar af 15. aldar veggmynd
- Hótel: Pension San Anton


MÁNUDAGUR 12. JÚNÍ 6. GÖNGUDAGUR

MELIDE – ARZÚA 15 KM



- Auðveldur dagur framundan
- Eins og síðustu daga er óþarfi að bera með sér mat, aðeins vatn, stutt er á milli þorpa.
- Boente de Baxixo er fyrsti áningarstaður eftir 5.4 km
- Ribadiso de Baixo, þar má sjá píligrímasjúkahús frá 14. öld sem er notað sem albergue í dag

ÞRIÐJUDAGUR 13. JÚNÍ 7. GÖNGUDAGUR ARZÚA – PEDROUZO 19,5 KM



- Því meir sem nálgast er Santiago því fleiri eru kirkjurnar og önnur minnismerki sem reist hafa verið á Jakobsstígnum
- Göngum í gegnum mörg smáþorp og bæi og eins og áður er óþarfi að bera mikið með sér
- Góðir og mjúkir göngustígar í dag
- Eftirvæntingin eykst, margir pílagraímar hafa bæst í hópinn og eftirvæntingin verður nánast áþreifanleg
- Þetta er dagur til að njóta og vera til, gangan auðveld og lokatakmarkið að nálgast

MIÐVIKUDAGUR 14. JÚNÍ 8. GÖNGUDAGUR PEDROUZO – SANTIAGO DE COMPOSTELA 20 KM



- Dagurinn er tekinn snemma í dag, það er hátíðlegt að ganga þessa 20 km inn til Santiago
- Við komum við á fjallinu Monte Gozo en áður fyrr þá sást í Dómkirkju Santiago af þessari hæð
- Höldum leið okkar áfram, þegar komið er inn í borgina stefnum við á Dómkirkjuna
- Þegar komið er að Dómkirkjunni þá afhendum við pílgrímavegabréfin og sækjum seinna um daginn ásamt syndaaflausnarskjalinu
- Svo verður farið á hótél.....

FIMMTUDAGUR 15. JÚNÍ – DVALIÐ Í SANTIAGO



- Nú á sér stað umbreyting; pílagrímar breytast í ferðamenn sem njóta borgarinnar fögru
- Dagskrá verður skipulögð með pílagrínum hvort sem það verður fótisnyrting eða ferð á Heimsenda
- Nánar um það síðar...
- Njótum þess að hafa náð markmiðum okkar
- Þökkum fyrir alla þá reynslu sem okkur hefur hlotnast
- Förum heim sem nýjar manneskjur reynslunni ríkari

FÖSTUDAGUR 16. JÚNÍ – ÁLEIÐIS HEIM - TIL PORTO



- Tökum rútna frá Santiago til Porto um hádegisbil
- Komum okkur fyrir á hóteli og njótum borgarinnar
- Frítími

LAUGARDAGUR 17. JÚNÍ HEIMFERÐARDAGUR



Frídagur í Porto

- Bíll á flugvöll kl 18:30
- Heimkoma Keflavík um kl 23:55

• *Takk fyrir samfylgdina kæru
pílagrímar* ❤️